

Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 9. tbl. 12. árg. nóvember 2018

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Hvað einkennir góðan námsmann?

Öll börn og allir unglingar vilja standa sig vel og gera sitt besta. Sumir villast þó af leið og geta ýmsar orsakir legið að baki því. Ein þeirra er að þeir hreinlega vita ekki hvað þeir eiga að gera til að standa sig vel.



Til að stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms og til að hjálpa börnum og unglingum að standa sig vel hefur Menntamálastofnun gefið út plakat sem hangir víða upp í skólanum. Kennarar hafa farið yfir það með nemendum sérstaklega í eldri bekkjum til að hjálpa þeim að verða betri námsmenn og ná markmiðum sínum. Núna sendum við plakatið á alla foreldra svo þeir geti líka notað það sem hvatningu með börnum sínum. Hér eru talin upp 8 einkenni góðs námsmanns en á plakatinu er hvert þeirra útskýrt betur.

Góður námsmaður

- einbeitir sér
- gefst ekki upp
- er tilbúinn í samvinnu
- er forvitinn
- lætur vaða
- notar ímyndunaraflið
- tekur framförum
- nýtur námsins



https://mms.is/sites/mms.is/files/hvad_einkennir_godan_namsmann-a3.pdf. Á þessari vefslóð er plakatið en vefslóðin verður einnig send á alla foreldra í tölvupósti.

Á aðventunni

Á aðventunni breytist skólastarfið lítillega og eftir því sem nær dregur jólum fléttast jólaundirbúningurinn meira inn daglegt starf. Í lok næstu viku koma nemendur heim með dagskrá desembermánaðar þar sem hægt verður að sjá það helsta sem er á döfinni hverju sinni í hvoru húsi.

Á aðventunni skyldi þó megin áherslan vera á náungakærleik, virðingu fyrir hvert öðru, vonina og getu okkar til að breyta heiminum. Hvert og eitt okkar skiptir máli og það erum við sem breytum heiminum, ekki einhver annar. Munum hversu dýrmætur fjölbreytileiki okkar mannanna er og hlúum að honum fremur en að dæma.


Fögnum fjölbreytileikanum og eigum góða daga saman og gerum heiminn betri.

Matseðill í desember

- 3. des. Sultfiskur með rúgbrauði.
- 4. des. Kjöt í karrý.
- 5. des. Fiskibollur með laukfeiti.
- 6. des. Hamborgari, franskur og sósa.
- 7. des. Skyr, brauð og álegg.

- 10. des. Smjörsteiktur fiskur með kartöflum.
- 11. des. Kjötfarsbollur með feiti.
- 12. des. Ofnbakaður fiskur.
- 13. des. Lasagne með hvítlauksbrauði.
- 14. des. Súpa, brauð og álegg.

- 17. des. Soðinn fiskur með rúgbrauði.
- 18. des. Pasta með skinku.
- 19. des. Pylsu veisla.
- 20. des. Skóla lýkur kl. 11:10 – engin hádegismatur



Munið endurskinsmerkin og ljósin á hjólin
Sjáumst í vetur



**Salatbar í hádeginu
mánudaga - fimmtudaga**

Ferðumst með eigin orku – göngum eða hjólum í skólann.
Með því eflum við andlega og líkamlega heilsu og stuðlum að hreinna og heilbrigðara umhverfi.
Ábyrgðin er okkar

Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 9. tbl. 12. árg. nóvember 2018

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Hvað einkennir góðan námsmann?

Öll börn og allir unglingar vilja standa sig vel og gera sitt besta. Sumir villast þó af leið og geta ýmsar orsakir legið að baki því. Ein þeirra er að þeir hreinlega vita ekki hvað þeir eiga að gera til að standa sig vel.



Til að stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms og til að hjálpa börnum og unglingum að standa sig vel hefur Menntamálastofnun gefið út plakat sem hangir víða upp í skólanum. Kennarar hafa farið yfir það með nemendum sérstaklega í eldri bekkjum til að hjálpa þeim að verða betri námsmenn og ná markmiðum sínum. Núna sendum við plakatið á alla foreldra svo þeir geti líka notað það sem hvatningu með börnum sínum. Hér eru talin upp 8 einkenni góðs námsmanns en á plakatinu er hvert þeirra útskýrt betur.

Góður námsmaður

- einbeitir sér
- gefst ekki upp
- er tilbúinn í samvinnu
- er forvitinn
- lætur vaða
- notar ímyndunaraflið
- tekur framförum
- nýtur námsins



https://mms.is/sites/mms.is/files/hvad_einkennir_godan_namsmann-a3.pdf. Á þessari vefslóð er plakatið en vefslóðin verður einnig send á alla foreldra í tölvupósti.

Á aðventunni

Á aðventunni breytist skólastarfið lítillega og eftir því sem nær dregur jólum fléttast jólaundirbúningurinn meira inn daglegt starf. Í lok næstu viku koma nemendur heim með dagskrá desembermánaðar þar sem hægt verður að sjá það helsta sem er á döfinni hverju sinni í hvoru húsi.

Á aðventunni skyldi þó megin áherslan vera á náungakærleik, virðingu fyrir hvert öðru, vonina og getu okkar til að breyta heiminum. Hvert og eitt okkar skiptir máli og það erum við sem breytum heiminum, ekki einhver annar. Munum hversu dýrmætur fjölbreytileiki okkar mannanna er og hlúum að honum fremur en að dæma.


Fögnum fjölbreytileikanum og eigum góða daga saman og gerum heiminn betri.

Matseðill í desember

- 3. des. Salfiskur með rúgbrauði.
- 4. des. Kjöt í karrý.
- 5. des. Fiskibollur með laukfeiti.
- 6. des. Hamborgari, franskur og sósa.
- 7. des. Skyr, brauð og álegg.

- 10. des. Smjörsteiktur fiskur með kartöflum.
- 11. des. Kjötfarsbollur með feiti.
- 12. des. Ofnbakaður fiskur.
- 13. des. Lasagne með hvítlauksbrauði.
- 14. des. Súpa, brauð og álegg.

- 17. des. Soðinn fiskur með rúgbrauði.
- 18. des. Pasta með skinku.
- 19. des. Pylsu veisla.
- 20. des. Skóla lýkur kl. 11:10 – ekki hádegismatur.



Munið endurskinsmerkin og ljósin á hjólin
Sjáumst í vetur



Salatbar í hádeginu
mánudaga - fimmtudaga

Ferðumst með eigin orku – göngum eða hjólum í skólann.
Með því eflum við andlega og líkamlega heilsu og stuðlum að hreinna og heilbrigðara umhverfi.
Ábyrgðin er okkar